



Kröfur móta frjálsar æfingar 2020-2021

Berist til yfirþjálfara og þjálfara í áhaldafimleikum kvenna

Keppt verður eftir alþjóðlegum dómaraeglum FIG 2017 – 2020 (COP). Keppnistímabilið er frá 1. ágúst 2020 til 31. júlí 2021.

Aldursflokkar

Keppt er í þremur aldursflokkum í frjálsum æfingum skv. Móta- og keppnisreglum FSÍ. Kvennaflokkur (senior), unglingsflokkur (junior) og stúlknaflakki (youth). Í frjálsum æfingum eru aldursflokkar ekki sameinaðir.

Aldursflokkar í frjálsum æfingum

		<u>2020</u>	<u>2021</u>
Kvennaflokkur	16 ára og eldri	'04 og fyrr	'05 og fyrr
Unglingsflokkur	13 – 15 ára	'05, '06 og '07	'06, '07 og '08
Stúlknaflakki	12 ára og yngri	'08 og síðar	'09 og síðar

Innihald móta

Fjölþraut og einstök áhöld. Keppt er í þremur aldursflokkum. Keppni C II og C III á stökki. Með þátttöku á þessu móti afsalar keppandi sér þátttökurétti í 2. 3. 4. og 5. þrepi á keppnistímabilinu. **Ef keppt er í fjölþraut útilokar það áframhaldandi keppni í 1. þrepi.**

Bikarmeistaramót 2021

Liðakeppni, keppt er eftir reglum COP (ekki íslenskir junior bónusar). 5 í liði – 5 keppa – 3 telja til stiga á hverju áhaldi. Fjöldi liða frá félagi er frjáls. Hvert lið má skrá tvo varamenn. Fjöldi þjálfara á keppnissvæði eru tveir skv. reglu 3.2 í COP. Einstaklingar í frjálsum æfingum geta keppt sem gestir. Með þátttöku á þessu móti afsalar keppandi sér þátttökurétti í 2. 3. 4. og 5. þrepi á keppnistímabilinu.

Ef keppt er í fjölþraut útilokar það áframhaldandi keppni í 1. þrepi.

Ekki er leyfilegt að skrá sama keppanda bæði sem keppanda og sem varamann í sitthvoru liðinu eða jafnframt í þrepum.

Keppni IV.

Félög þurfa að skila inn keppnisröð á þjálfarafundi á mótstað.



Íslandsmeistaramót 2021

1. keppnisdagur:

Þáttökuskilyrði eru að vera keppandi í frjálsum æfingum eða 1. þrepi á keppnistímabilinu. **Ef keppt er í fjölþraut þá útilokar það áframhaldandi keppni í 1. Þrepi.**

Fjölþraut. Keppt í kvenna- og unglingsflokkum. (Keppandi í stúlknaflökki sameinast unglingsflokkum)

Keppni C I og C II, þær sem keppa í undankeppni til úrslita á stökki gera 2 stökk.

2. keppnisdagur:

Úrslit á einstökum áhöldum. Keppt í kvenna- og unglingsflokkum. 5 hæstu frá 1. keppnisdegi komast í úrslit á hverju áhaldi í hvorum aldursflokkum. Keppni C III.

GK Meistaramót 2021

Fjölþraut og einstök áhöld. Þáttökuskilyrði eru að hafa náð 2. þrepi á keppnistímabilinu.

Keppni C II og C III á stökki.

TKV. áskilur sér rétt til að bæta inn aldursflokkum í öllum flokkum ef þurfa þykir.

Stigakeppni 2020-2021

Stigahæsti keppandi á mótum tímabilsins stendur uppi sem sigurvegari í Stigakeppni FSÍ í unglingsflokkum og kvennaflokkum. Eftirfarandi mót keppnistímabilsins telja til stiga;

Haustmót, Bikarmeistaramót, Íslandsmeistaramót C I (ekki C III) og GK Meistaramót.

Bæði fjölþraut og úrslit á áhöldum telja til stiga á öllum mótum.

Tækninefnd í áhaldafimleikum kvenna (TKV) hvetur félögin til þess að halda boðsmót og að sækja mót erlendis til þess að fá frekari keppnisreynslu.

Skráning keppenda og þjálfara á mót

Mikilvægt er að keppendur séu skráðir á mót FSÍ á tilsettum tíma til að fá þáttökurétt og einnig að forföll séu tilkynnt til FSÍ sem allra fyrst þar sem þau hafa áhrif á hópaskipan og tímasetningar móta. Reglur um skráningu má finna á www.fimleikasamband.is.

Skráning dómara á mót

Félögin skrá nöfn dómara með skráningu keppenda, ef skráningu dómara vantar þá telst skráning ekki fullnægjandi.

TKV raðar dómurum á mótshluta. Við niðurröðun dómara er miðað við dómaraflokk.

Félögin senda inn eitt dómragildi fyrir 1-3 keppendur í viðkomandi aldurshóp. Hver dómari getur ekki tekið fleiri dómragildi en fjöldi mótshluta á hverju móti. Fjöldi dómragilda miðast við skráningu keppenda, ekki fjölda keppenda í raun á mótinu. Á Bikarmeistaramóti skal skrá minnst tvo dómara á lið. Við niðurröðun dómara er miðað við dómaraflokk og



reynslu. Endanlegur fjöldi dómargilda á hvert félag er jafnt og hlutfall keppanda viðkomandi félags af heildarfjölda keppanda á viðkomandi móti. Dómargildi í frjálsum æfingum er einn dómari á hverja þrjá keppendur.

TKV áskilur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir. Við hvetjum þau félög sem hafa spurningar varðandi ofangreind atriði að hafa samband við meðlimi TKV.

Gangi ykkur vel – áfram íslenskir fimleikar !

Ágúst 2020
TKV